

**Fundur Special Olympics nefndar,  
haldinn þriðjudaginn 14. maí kl. 18.00  
í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal**

**1. Fundargerð síðasta fundar**

**2. EM Special Olympics í borðtennis, Luxemborg 18. - 28. maí**

AKV sagði frá undirbúningi vegna mótsins en þetta er í fyrsta skipti sem lið er sent á Evrópumót Special Olympics í einni grein. Ferðakostnaður er greiddur af Ösp nema ÍF styrkir ferðina sem nemur greiðslu fyrir einn, 37.300.- og greiðir boli á keppendur.

Alls eru keppendur fjórir auk fararstjóra og þjálfara, alls sex manns. Fararstjóri er Helgi Þór Gunnarsson, aðstoðarþjálfari Hulda Pétursdóttir og keppendur, Gyða Guðmundsdóttir, Sunna Jónsdóttir, Áslaug Reynisdóttir og Guðrún Ólafsdóttir

**3. Pre Games Írlandi 19.-23. júní 2002**

**a) Fararstjórn**

Rætt var um breytingar á fararstjórn en Kristján Svanbergsson, mun fara í stað Þórðar Árna Hjaltested sem verður á fundi INAS FID, sömu helgi.

**b) Búningamál (utanyfirgallar / prentun á boli)**

Ólafur Olafsson, sýndi galla sem hann hefur séð um að panta á hópinn. AKV mun sjá um pöntun á áprentuðum bolum vegna keppinnar.

c) Fundur / upplýsingar til þátttakenda - umsjón –

Ákveðið var að stefna að fundi í byrjun júní fyrir þá sem búa á Reykjavíkursvæðinu. Aðrir munu fá upplýsingar á annan hátt. Þjálfarar sem sjá um hverja grein hafa verið í góðu sambandi við sinn hóp

d) Ferðatilhögun - Keflavík - Staðfest síðar

e) Annað, sjá lið 4

#### 4. **Heimsókn til Newry 23. - 25. júní 2003**

AKV staðfesti að hópnum hefði verið boðið til Newry, í lok mótsins og verða þau sótt eftir lokadagskrána, 23. júní og keyrt á flugvöllinn 25. júní.

#### 5. **Fundur EECL, Írlandi**

Dagskrá fundarins var lögð fram. Á dagskránni var m.a. efnisatriði varðandi INAS FID en ekki lá fyrir nákvæmlega hvernig það mál var framlagt.

#### 6. **Úrvinnsla úr tilnefningum eftir 15. maí**

Ákveðið að hittast í byrjun júní og fara yfir þessi mál

#### 7. **Bréf**

Lögð fram bréf sem borist hafa frá síðasta fundi

#### 8. **Önnur mál**

\* Rætt var um fararstjórafundinn 11. – 15. júlí undir þessum lið þar sem málið var ekki sett á formlega dagskrá. Staðfest að a.m.k. tveir fara á ráðstefnuna, AKV og ÞÁH en ef mögulegt er þriðji aðili, SÁL. Nákvæmar upplýsingar varðandi þetta mál liggja ekki fyrir en skráningafjöldi hefur verið staðfestur hjá skipuleggjendum.

Gert er ráð fyrir heimsókn til vinabæja landanna 15. júlí og var óskað eftir því frá Newry að fulltrúar Íslands myndu vera a.m.k. einn sólarhring í bænum vegna undirbúningsins.

Rætt um hlutverk AKV á leikunum 2003, hvort hún myndi vera í öðru hlutverki en fararstjórn með það í huga að geta nýtt betur ýmsa þætti sem skilað geta upplýsingum til baka til Íslands. Hún mun ræða þetta við Marion í sumar og í framhaldi verður ákvörðun tekin.

\* Rætt um fjáraflanir vegna verkefnisins 2003. KS benti á möguleika varðandi Frelsiskort auk þess sem hugmynd varðandi spilakassa er í athugun.

\* Rætt var um framhaldsferli varðandi íþróttagreinastjóra og kynningu á efni til nefnda ÍF og aðildarfélaganna. Samþykkt að senda íþróttagreinastjórum ósk um að þeir leggðu fram spurningar og ábendingar varðandi hverja grein og í kjölfarið að kynna þetta mál í haust t.d. á ráðstefnunni á Laugarvatni.

Fundarritari; AKV